

in í því, að á þessum stöðvum hafast við útburðir, því við höfum þá hér með nákvæmlega sama eðlisfari eins og þeir voru heima. Útburðirnir hér hafa bólfesti á heiðinni, þar sem brunahraunið er á aðra hönd en gljúfrið á hina, og þeir halda til á mýrarflákunum, þar sem náttúran gróf tjarnirnar og mennirnir mógrafirnar; og þegar dregur upp illviðrisský— það þarf ekki að vera nema ofurlítill kosningablíka— þá fara þeir að væla, og væl þeirra er alveg eins leiðinlegt eins og útburðarvælið heima á Fróni. Og tilgangur tilveru þeirra hér sýnist ekki vera annar en sá, að villa ferðamenn, eins og þeir gjörðu heima. Útburðirnir hér hoppa á öðru hnénu og öðrum olnboganum, og þeir hoppa fyrir framan ferðamanninn til þess, að reyna að koma honum til að hopa á bak aftur, og þeir hoppa á hlið við hann til þess, að koma honum til að haltra til hliðar, og þeir reyna einnig aftur og aftur til þess, að komast í kringum hann, og takist þeim það einu sinni, þá verður maðurinn viltur, en takist þeim það þrisvar, þá verður hann vitstola, og verða þá oft og tíðum endalok þessara manna lík endalokum þeirra manna, sem „komast í tæri við“ útburði, að þeir finnast, þegar hríðinni léttir, lærbrotnir eða handleggsbrotnir í hrauninu eða gljúfrinu, eða þá drukknadir í tjörnunum eða mögröfunum. En ef þeir komast af lifandi, þá verður þeim illt, þegar þeir fyrst sjá ljós.

Hið eina ráð til að varna því, að þessir útburðir villi menn eða vitskerði, er það að ganga beint áfram, þó þeir sé að hoppa á veginum fyrir framan menn, og hvorki hörfa aftur á bak eða haltra til hliða, því gjöri maður slíkt, þá er ógæfan vís.

Það er hörmulegt að vita til þess, hversu marga þessir útburðir hafa villt, og hversu marga þeir hafa gjört vitstola; þeim hefir svo undra oft tekist að hoppa þrisvar sinnum kringum svo marga, og vér þekkjum þessa menn á því, að þeim verður öllum illt í fyrsta skifti, er þeir sjá ljós. Skylda okkar er því sjálfsögð sú, að gæta sjálfra vor fyrst og fremst, og vara aðra við hættunni, og líka sú, að ráða bót á meinum þeirra manna, sem útburðirnir hafa vitskert, og til þess er að eins eitt ráð, nákvæmlega það sama, sem gjört var við menn í samskonar kringumstæðum heima á Fróni, n. l. að fara með hinum vitstola manni þangað, sem útburðurinn hafðist við í nægilega vondu veðri svo